

**Píratar**

**Samstæðu ársreikningur**

**31.12.2022**

Píratar  
Síðumúla 23  
108 Reykjavík

kt. 461212-0690

# Píratar

## Samstæðu ársreikningur

31.12.2022

Áritun endurskoðanda.....	Bls.	2-3
Skýrsla stjórnar.....	-	4-5
Rekstrarreikningur 2022.....	-	6
Efnahagsreikningur 31.12.22.....	-	7
Sjóðstreymi ársins.....	-	8
Skýringar.....	-	9-12

# Áritun

Til framkvæmdastjórnar Pírata

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Pírata fyrir árið 2022. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag hans 31. desember 2022, breytingu á handbæru fé á árinu 2022 í samræmi við lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög og reglur um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Pírötum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðenda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg víska er nokkuð hátt stig vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati og viðhöfum faglega tortryggni. Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar. Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Hafnarfjörður, 20. nóvember 2022



**Íslenskir endurskoðendur, ráðgjöf ehf.**

Guðni Þór Gunnarsson  
Löggiltur endurskoðandi

## Áritun skoðunarmanns

---

Ég undirritaður skoðunarmaður Pírata, hef yfirfarið samstæðu ársreikning Pírata fyrir árið 2022 og tel hann gefa glögga mynd af afkomu ársins 2022 og efnahag hans þann 31.12.2022

Fyrir mitt leyti samþykki ég ársreikninginn.

Reykjavík, 20. nóvember 2022

Kristján Gísli Stefánsson  
Skoðunarmaður

# Skýrsla framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra

Píratar eru stjórnmalaflokkur og starfa í samræmi við almenn lög um félagasamtök, sem og lög nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra.

Samstæðu ársreikningur Pírata er samstæðu ársreikningur stjórnmalaflokks Pírata (aðalskrifstofa), þingflokks og aðildarfélaga. Í samræmi við lög nr. 162 / 2006 er heimild til að aðildarfélög sem hafa tekjur undir kr. 550.000 séu ekki hluti samstæðu ársreiknings þessa, félög með engan rekstur hafa því verið undanskilin samstæðureikningi.

## Rekstur ársins 2022 og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur samstæðunnar árið 2022 voru 86,2 millj. kr. (2021: 96,2 millj. kr.) og lækkuðu því um rúmlega 10 millj. kr. eða um 10,4%. Tap samstæðunnar á árinu var rúmlega 8,4 millj. kr., (2021: tap að fjárhæð 24,3 millj. kr.). Taprekstur var hjá félaginu að stórum hluta vegna sveitarstjórnarkosninga á árinu.

Eigið fé ársins var neikvætt um rúmlega 17,6 millj. kr. í árslok (árslok 2021: 9,2 millj. kr.), í árslok var eiginfjárlutfall samstæðunnar neikvætt um 114% (árslok 2021: 51,5%).

Styrkur frá Ríkissjóði lækkaði úr 75.516.317 kr. í 66.818.601 kr. sem er um 8,7 millj. kr. lækkun má það rekja til hlutfallslegrar lækkunar vegna úrslita kosninga 2021. Framlög frá Alþingi stóðu nánast í stað milli ára. Árið 2021 fengu Píratar ráðningarstyrk frá Vinnumálastofnun upp á rúmlega 1,6 millj. kr og styrki og félagsgjöld upp á tæplega 7 millj. kr. sem má að miklu leyti rekja til alþingiskosninga. Þrátt fyrir sveitarstjórnarkosningar 2022 voru félagsgjöld og styrkir tæplega 3 millj. kr. Kostnaður vegna sveitarstjórnarkosninga 2022 var um 27,9 milljónir miðað við 49,9 milljónir árið 2021 vegna alþingiskosninga. Stærsti rekstrarliður ársins 2022 var launakostnaður upp á rúmlega 36 millj. kr..

## Endurskipulagning

Það var nýrri framkvæmdastjórn ljóst þegar hún tók til starfa að það þyrfti að bæta rekstur og bókhald. Stjórn fór því fljótlega í fjárhagslega endurskipulagningu. Rekstur og leiga Tortuga var um milljón á mánuði og verðlagstengd, en í dag er kostnaður við vinnuáðstöðu framkvæmdastjóra innan við 10% af þeim kostnaði og hefur ný stjórn þannig hagrætt rekstrinum um tæplega 12 millj. kr. á ári. Stjórn lagði fram nýja rekstraráætlun í samstarfi við fjármálaráð en þáverandi framkvæmdastjóri taldi sig ekki geta framkvæmt þá áætlun og sagði upp í kjölfarið. Ráðinn var nýr framkvæmdastjóri sem byrjaði árið 2023, ráðist var í aðhaldsaðgerðir og gerð var ný 5 ára rekstraráætlun í samstarfi við fjármálaráð og nýjan framkvæmdastjóra.

## Reikningshald og bókhald

Við gerð ársreiknings ársins 2022 kom í ljós að töluvert vantar af reikningum og því er lagt til að ársreikningur sé tilbúinn þegar það er boðað til aðalfundar. Þar sem Píratar er stjórnmalaflokkur er alltaf óvissa um kosningarárangur sem þarf að horfa til til lengri tíma og byggja félagið upp svo það sé í stakk búið fyrir kosningabaráttur.

Starfsmenn Pírata voru 2; framkvæmdastjóri og markaðsstjóri; í kringum kosningarnar voru ráðnir 6 verktakar tímabundið, ársverk 2 á árinu. Við endurskipulagninguna var starf markaðsstjóra lagt niður.

Í framkvæmdastjórn sitja tveir karlar og ein kona og skipta með sér störfum, formaður, gjaldkeri og ritari. Stjórn og framkvæmdastjóri Pírata staðfesta hér með samkvæmt bestu vitneskju að ársreikningur félagsins árið 2022 er saminn í samræmi við ársreikningalög og gefi glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins. Skýrsla stjórnar geymir glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri sem og stöðu þess og lýsir helstu áhættu- og óvissuþáttum.

Halli af rekstri flokksins á árinu 2022 nam rúmlega 8,4 milljónum króna og leggja framkvæmdastjóri og stjórn til að hann verði fluttur óskiptur til næsta árs. Að öðru leyti vísa framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri í samstæðu ársreikninginn um aðrar breytingar á eigin fé.

Framkvæmdastjórn og framkvæmdsastjóri Pírata staðfesta hér með samstæðureikning flokksins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. nóvember 2023

Framkvæmdastjóri

*Kristín Ólafsdóttir*

*Framkvæmdastjórn*

*Atli Stefán Yngvason*

*Rúnar Björn Herrera Þorkelsson*

*Tinna Helgadóttir*

# Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Framlög úr ríkissjóði .....	3	66.818.601	75.516.317
Sérstakt framlag frá Alþingi .....	3	12.820.193	12.348.974
Framlög frá sveitarfélögum .....	3	4.012.531	2.990.795
Styrkir frá einstaklingum/lögaðila .....	3	865.402	2.339.545
Félagsgjöld .....	3	1.735.000	1.375.000
Aðrar tekjur .....	3	0	1.693.940
		<u>86.251.727</u>	<u>96.264.571</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Aðalskrifstofa .....	4	55.141.673	60.489.009
Þingflokkur Pírata .....	4	8.843.022	7.166.297
Aðildarfélög .....	4	1.241.647	1.406.399
Bæjarstjórnarkosningar/Alþingiskosningar .....	4	27.886.748	49.929.569
		<u>93.113.090</u>	<u>118.991.274</u>
Afgangur / (halli) af rekstri .....		(6.861.363)	(22.726.703)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		160.069	33.131
Vaxtagjöld .....		<u>(1.715.967)</u>	<u>(1.590.436)</u>
		<u>(1.555.898)</u>	<u>(1.557.305)</u>
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir skatta .....		(8.417.261)	(24.284.008)
<b>Afgangur / (halli) .....</b>		<u><u>(8.417.261)</u></u>	<u><u>(24.284.008)</u></u>

# Efnahagsreikningur

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>	Skýr.		
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
Bifreiðar .....		0	1.249.997
		<u>0</u>	<u>1.249.997</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Hafnarfjörður .....		193.605	0
Reykjavíkurborg .....		1.704.412	0
Aðrar skammtímakröfur .....		1.994.953	1.275.221
Handbært fé .....		11.531.528	15.478.993
		<u>15.424.498</u>	<u>16.754.214</u>
	<b>Eignir</b>	<u>15.424.498</u>	<u>18.004.211</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Uppsafnaður afgangur .....	7	(17.604.641)	(9.184.132)
		<u>(17.604.641)</u>	<u>(9.184.132)</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		35.000	35.000
Skuldir við lánastofnanir .....		31.168.256	25.733.804
Aðrar skammtímaskuldir .....		1.825.883	1.419.539
		<u>33.029.139</u>	<u>27.188.343</u>
	<b>Eigið fé og skuldir</b>	<u>15.424.498</u>	<u>18.004.211</u>



## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Afgangur(halli) ársins .....	(8.417.261)	(24.284.008)
<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi</b>		
Sölutap bifreiða.....	529.897	0
<b>Veltufé frá rekstri (til rekstrar)</b>	<u>(7.887.364)</u>	<u>(24.284.008)</u>
<b>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum</b>		
Skammtímakröfur, lækkun/(hækkun) .....	(2.617.749)	48.587.753
Skammtímaskuldir, (lækkun)/hækkun.....	406.344	(2.318.125)
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>	<u>(10.098.769)</u>	<u>21.985.620</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Keyptar/seldar bifreiðar .....	720.100	(1.249.997)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<u>720.100</u>	<u>(1.249.997)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Skammtímalán, hækkun/(lækkun) .....	5.434.452	25.733.804
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<u>5.434.452</u>	<u>25.733.804</u>
<b>Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....</b>	<b>(3.944.217)</b>	<b>46.469.427</b>
<b>Hækkun (lækk.) handbærs fjár leiðrétting tekjufærslu .....</b>	<b>0</b>	<b>(47.344.208)</b>
<b>Hækkun (lækk.) handbærs fjár ný samstæðufélög .....</b>	<b>(3.248)</b>	<b>679.879</b>
<b>Handbært fé í upphafi árs .....</b>	<b>15.478.993</b>	<b>15.673.895</b>
<b>Handbært fé í lok árs .....</b>	<b><u>11.531.528</u></b>	<b><u>15.478.993</u></b>

# Skýringar

## Píratar

1. Píratar eru stjórnmalaflokkur og starfa í samræmi við almenn lög um félagasamtök, sem og lög nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalaflokka og frambjóðenda upplýsingaskyldu þeirra.

## Reikningsskilaaðferðir

### Um samstæðu ársreikninginn

2. Samstæðu ársreikningur Pírata 31.12.2022 er samstæðu ársreikningur stjórnmalaflokks Pírata (aðalskrifstofu), þingflokks og aðildarfélaga. Í samræmi við lög nr. 162 / 2006 er heimild til að aðildarfélög sem hafa tekjur undir kr. 550.000 séu ekki hluti samstæðu ársreiknings þessa, félög með engan rekstur hafa því verið undanskilin samstæðureikningi.

Til aðildarfélaga á árinu 2022 í samstæðuársreikningi teljast eftirfarandi félög:

Heiti félags	Heimilisfang
Píratar, stjórnmalaflokkur	Pósthólf 8111, 128 Reykjavík
Þingflokkur Pírata	Vonarstræti 8, 101 Reykjavík
Píratar í Kópavogi	Hamraborg 9, 200 Kópavogi
Píratar í Norðausturkjördæmi	Þingvallastræti 16, 600 Akureyri
Píratar í Reykjavík	Síðumúla 23, 108 Reykjavík
Píratar í Reykjanesbæ	Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbær
Píratar í Suðurkjördæmi	Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbær
Píratar í Suðvesturkjördæmi	Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Til aðildarfélaga á árinu 2021 í samstæðuársreikningi teljast eftirfarandi félög:

Heiti félags	Heimilisfang
Píratar, stjórnmalaflokkur	Síðumúl 23, 108 Reykjavík
Þingflokkur Pírata	Vonarstræti 8, 101 Reykjavík
Píratar í Kópavogi	Hamraborg 9, 200 Kópavogi
Píratar í Norðausturkjördæmi	Þingvallastræti 16, 600 Akureyri
Píratar í Norðvesturkjördæmi	Hlíðarvegi 25, 400 Ísafjörður
Píratar í Reykjavík	Síðumúla 23, 108 Reykjavík
Píratar í Reykjanesbæ	Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbær
Píratar í Suðurkjördæmi	Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbær
Píratar í Suðvesturkjördæmi	Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Til aðildarfélaga á árinu 2022 fyrir utan samstæðuársreikningi teljast eftirfarandi félög:

Heiti félags	Heimilisfang
Píratar í Norðvesturkjördæmi	Hlíðarvegi 25, 400 Ísafjörður
Píratar á Suðurlandi	Selfoss Austurbæ, 800 Selfossi
Ungir Píratar	Hraunbæ 70, 110 Reykjavík

Til aðildarfélaga á árinu 2021 fyrir utan samstæðuársreikningi teljast eftirfarandi félög:

Heiti félags	Heimilisfang
Píratar á Suðurlandi	Selfoss Austurbæ, 800 Selfossi
Ungir Píratar	Hraunbæ 70, 110 Reykjavík

# Skýringar

## Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðu ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi, þar með talið lög nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra, auk leiðbeininga Ríkisendurskoðunar um reikningshald stjórnmalasamtaka. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð í íslenskum krónum. Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs.

## Innlausn tekna

Tekjur hafa verið skráðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og reikningskilareglur fram til þessa. Í samræmi við það innleystu Píratar áunninn réttindi til framlaga í samræmi við dagsetningu niðurstöðu kosninga. Í ársreikningi 2021 var þessu breytt. Nú eru tekjur innleystar þegar þær eru greiddar að kröfu ríkisendurskoðunar, lagalegur ágreiningur er um hvernig beri að tekjufæra framlög ársins.

## Aðrar reikningsskilaaðferðir

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í viðeigandi skýringum hér á eftir.

## Sundurgreining tekna

3. Tekjur greinast með eftirfarandi hætti:

	2022	2021
Innleyst áunnið framlag janúar - apríl 2022/2021, greitt úr ríkissj. 2021/2020.....	0	0
Innleyst áunnið framlag maí - desember 2023/2022, greitt úr ríkissj. 2022/2021.....	0	0
Framlag ríkissjóðs, greitt 2022/2021.....	66.818.601	71.016.317
Sérstakt framlag frá Dómsmálaráðuneytinu vegna alþingiskosninga.....	0	4.500.000
Sérstakt framlag frá Alþingi.....	12.820.193	12.348.974
Framlög frá sveitarfélögum, Hafnarfjarðarbær.....	869.605	338.000
Framlög frá sveitarfélögum, Kópavogsbær.....	505.461	434.682
Framlög frá sveitarfélögum, Reykjanesbær.....	120.387	240.773
Framlög frá sveitarfélögum, Reykjavíkurborg.....	2.517.078	1.977.340
Styrkir frá einstaklingum undir 200.000,-.....	865.402	2.339.545
Styrkur vinnumálastofnun á móti launum.....	0	1.693.940
Félagsgjöld.....	1.735.000	1.375.000
	<u>86.251.727</u>	<u>96.264.571</u>

Píratar fengu enga styrki, fyrirgreiðslur eða veglega afslætti frá lögaðilum á árunum 2022 og 2021.

# Skýringar

## Sundurgreining gjalda

### 4. Sundurgreining gjalda ársins 2022

	Aðalskrifstofa	Þingflokkur	Aðildarfélög	Alþingis / Sveitarstjórnar- kosningar	Samtals
Laun og launatengd gjöld...	35.701.903	695.614	0	0	36.397.517
Ferðakostnaður.....	185.828	2.335.473	0	912.778	3.434.079
Styrkir.....	49.999	80.000	0	171.111	301.110
Aðkeypt þjónusta.....	506.646	1.361.212	0	7.188.169	9.056.027
Kostnaður vegna funda.....	2.540.200	2.153.868	496.976	2.581.047	7.772.091
Húsnæðiskostnaður.....	9.473.419	0	0	905.276	10.378.695
Auglýsingar.....	249.496	545.294	0	14.626.169	15.420.959
Skrifstofukostnaður.....	3.264.147	1.667.561	62.195	971.742	5.965.645
Annar kostnaður.....	3.170.035	4.000	682.476	530.456	4.386.967
Samtals.....	55.141.673	8.843.022	1.241.647	27.886.748	93.113.090

### 4. Sundurgreining gjalda ársins 2021

	Aðalskrifstofa	Þingflokkur	Aðildarfélög	Alþingis / Sveitarstjórnar- kosningar	Samtals
Laun og launatengd gjöld...	41.814.000	3.270.427	0	0	45.084.427
Ferðakostnaður.....	37.649	744.928	0	1.820.751	2.603.328
Aðkeypt þjónusta.....	912.091	198.900	0	5.533.505	6.644.496
Kostnaður vegna funda.....	1.416.583	838.196	177.463	7.568.980	10.001.222
Húsnæðiskostnaður.....	7.814.259	0	649.421	2.210.566	10.674.246
Auglýsingar.....	58.117	973.287	71.300	28.452.975	29.555.679
Skrifstofukostnaður.....	8.436.310	1.119.809	42.830	2.106.807	11.705.756
Annar kostnaður.....	0	20.750	465.385	2.235.985	2.722.120
Samtals.....	60.489.009	7.166.297	1.406.399	49.929.569	118.991.274

# Skýringar

## Laun og launatengd gjöld

### 5. Laun og launatengd gjöld árið 2022

	Aðalskrifstofa	Þingflokkur	Samtals
Laun.....	28.861.990	0	28.861.990
Lífeyrissjóður.....	3.896.375	0	3.896.375
Önnur launatengd gjöld.....	2.685.908	0	2.685.908
Annar starfsmannatengdur kostnaður.....	257.630	695.614	953.244
	<u>35.701.903</u>	<u>695.614</u>	<u>36.397.517</u>
Meðalfjöldi starfsmanna.....	2,0	0,0	2,0

### 5. Laun og launatengd gjöld árið 2021

	Aðalskrifstofa	Þingflokkur	Samtals
Laun.....	33.890.143	2.600.000	36.490.143
Lífeyrissjóður.....	4.488.358	299.000	4.787.358
Önnur launatengd gjöld.....	2.989.218	179.440	3.168.658
Annar starfsmannatengdur kostnaður.....	446.281	191.987	638.268
	<u>41.814.000</u>	<u>3.270.427</u>	<u>45.084.427</u>
Meðalfjöldi starfsmanna.....	2,7	0,3	3,0

## Handbært fé

### 6. Handbært fé samanstendur af peningum í sjóði og óbundnum bankareikningum.

## Eigið fé

### 7. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Uppsafnaður tekjuafgangur
Eigið fé í upphafi árs 2021.....	15.099.876
Rekstrarfgangur ársins 2021.....	<u>(24.284.008)</u>
Eigið fé í árslok 2021.....	(9.184.132)
Fært inn/(út) eigið fé utan/inn í samstæðu 2022 sbr. skýringu 2.....	(3.248)
Afgangur 2022.....	<u>(8.417.261)</u>
Eigið fé 31.12.2022.....	<u>(17.604.641)</u>